

RÍKISENDURSKOÐUN

Landspítali

Niðurstöður fjárhagsendurskoðunar á
bókhaldi ársins 2021



Endurskoðunarskýrsla

Janúar 2023

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur farið yfir ákveðna liði í ársreikningi Landspítala fyrir árið 2021. Spítalinn er A-hluta stofnun ríkissjóðs og eru ársreikningur stofnunarinnar og annarra A-hluta stofnana ekki áritaðir sérstaklega og því ekki gefið álit á ársreikningnum sjálfum. Endurskoðun fer fram sem hluti af endurskoðun ríkisreiknings og gefur Ríkisendurskoðandi út álit á ríkisreikningi í heild sinni.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum spítalans og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Endurskoðunin tók mið af alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum fyrir opinbera aðila. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á þeim liðum sem skoðaðir voru, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.





Við áhættumat er tekið tillit til þess innra eftirlits stofnunarinnar sem varðar gerð og framsetningu tiltekinna liða ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggir viðunandi árangur. Endurskoðun á þeim liðum sem teknir voru fyrir felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur beita við gerð ársreikningsins.

Í skýrslu þessari er fjallað almennt um vinnu við endurskoðun einstakra liða ársreikningsins og niðurstöður hennar. Endurskoðunarvinna byggir á góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn. Starfsfólk Landspítala veitti þá aðstoð sem óskað var eftir og brást vel við ábendingum.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Lykiltölur úr rekstri..... | 4 |
| 1 Ábendingar og athugasemdir..... | 5 |
| 2 Áhættumat og mikilvægi | 8 |
| 3 Innra eftirlit..... | 9 |
| 3.1 Innra eftirlitskerfi Landspítala | 9 |
| 3.2 Innri endurskoðendur | 10 |
| 4 Endurskoðun ársins..... | 11 |
| 4.1 Niðurstaða endurskoðunarinnar..... | 11 |
| 4.2 Ársreikningur og framsetning hans..... | 11 |
| 4.3 Sviksemi | 11 |
| 4.4 Rekstrartekjur..... | 11 |
| 4.5 Laun og launatengd gjöld..... | 12 |
| 4.6 Annar rekstrarkostnaður..... | 12 |
| 4.7 Fastafjármunir..... | 12 |
| 4.8 Birgðir | 13 |
| 4.9 Innkaup | 13 |
| 4.10 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur..... | 14 |
| 4.11 Handbært fé og vörslufé | 14 |
| 4.12 Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir..... | 15 |
| 4.13 Fjármögnun | 15 |

Lykiltölur úr rekstri



1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

Innri endurskoðun

Ríkisendurskoðun telur að eftirlitsumhverfið sé almennt gott hjá Landspítala. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að til spítalans verði ráðinn innri endurskoðandi. Hlutverk innri endurskoðanda er meðal annars að kanna hvort unnið sé eftir þeim fjölmörgu skráðu og óskráðu verkferlum sem í gildi eru á spítalanum. Ríkisendurskoðun ítrekar að stjórnendur yfirfari þessa þörf. Einnig kemur til greina að útvista þessu verkefni til endurskoðunar-fyrirtækja.

Þessi ábending hefur verið í endurskoðunarskýrslum síðustu ára án þess að nokkrar úrbætur hafi verið gerðar.

Sjá nánar í kafla 4.2.

2

Fasteignir

Með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 var sú breyting frá fyrri reikningsskilareglum að ríkisaðilum ber að færa til eignar alla varanlega rekstrarfjármuni sem áður voru gjaldfærðir. Þar á meðal eru fasteignir. Fasteignir eru þó ekki færðar hjá einstaka stofnunum, samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar eru fasteignir Landspítala ekki færðar í ársreikningi hans en gerð er grein fyrir fasteignamati þeirra í skýringu með ársreikningnum og er fasteignamatið 40.045 milljónir króna í árslok 2021. Það er álit Ríkisendurskoðunar að það sé ekki í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur að fasteignir sem tilheyra spítalanum séu ekki eignfærðar í efnahagsreikning hans.

Þessi ábending hefur verið inni í endurskoðunarskýrslu frá því árinu 2017 þegar lög um opinber fjármál nr. 123/2015 tóku gildi.

Sjá nánar í kafla 5.7.

3

Eignaverk vegna fasteigna

Það er álit Ríkisendurskoðunar að það sé ekki í samræmi við lög og settar reikningssskilareglur að endurbætur á fasteignum séu eignfærðar sem fastafjármunir í efnahagsreikningi þar sem, samkvæmt fjár- og fjáráukalögum, er gert ráð fyrir að Landspítali beri þennan kostnað. Uppsafnaður kostnaður árána 2017-2021 nam um 4.606 milljónum króna í árslok 2021 og er skuldfærður á móti fjárfestingarframlagi vegna eignaverka 4.446 milljónir króna.

Þessi ábending hefur einnig verið inni í endurskoðunarskýrslu frá því árinu 2017 þegar lög um opinber fjármál nr. 123/2015 tóku gildi.

Sjá nánar í kafla 5.7.

4

Verkferlar

Nauðsynlegt er að fara reglulega yfir alla verkferla vegna bókhalds og tryggja að þeir séu samþykktir með formlegum hætti af framkvæmdastjórn þannig að starfsmenn séu meðvitaðir um hvaða verkferlar eru í gildi. Verkferlar þurfa að stuðla að virku innra eftirliti vegna allra bókhaldsferla.

Sjá kafla 4.1 vegna innra eftirlits, kafla 5.4 vegna rekstrartekna og kafla 5.5 vegna launa og launtengdra gjalda.

5

Rannsóknarþjónusta

Þjónustutekjur Landspítala námu 4.666 milljónum króna á árinu 2021, þar af námu tekjur rannsóknarþjónustu 2.098 milljónum króna. Veikleiki er í innra eftirliti með tekjum vegna rannsókna. Að loknum rannsóknum fara niðurstöður inn í Vigrakerfi en þar er haldið utan um gjaldskrár og reiknireglur. Vigrakerfið skilar vikulega reikningsupplýsingum inn í Orra, fjárhagskerfi ríkisins, þar sem endanlegir reikningar eru gerðir, m.a. á lækna sem hlotið hafa rannsóknarstyrki. Sá veikleiki er við þessa tekjumyndun, fyrir Landspítala, að ekki hefur enn verið komið á fót afstemmingarkerfi sem stemmir af þær rannsóknir sem lokið er við og þær rannsóknir sem fara inn í Vigrakerfið.

Sjá nánar í kafla 5.4.

6

Birgðir

Halda þarf betur utan um Eimskipalagerinn þar sem ekki er gerð afstemming á milli birgðakerfis Eimskipalagers og birgðakerfis Landspítala.

Sjá nánar í kafla 5.8.

7

Viðskiptakröfur

Gerð er athugasemd við það að viðskiptakröfur með kreditstöðu í árslok eru ekki endurflokkaðar meðal viðskiptaskulda í ársreikningnum. Einnig er gerð athugasemd við það að viðskiptakröfur eru ekki stemmdar af við viðkomandi með reglulegum hætti.

8

Handbært fé og vörslufé

Það er álit Ríkisendurskoðunar að bankareikninga sem varða þjónustu og fjárhagslega umsjón með þeim sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum sem tengjast starfsemi spítalans beri að færa meðal eigna og skulda í efnahagsreikningi sem vörslufé og stemma þá af við reglubundin uppgjör hjá spítalanum. Samtals nema innistæður á umræddum bankareikningum 1.005 milljónum króna.

9

Viðskiptaskuldir

Erlendar viðskiptaskuldir eru færðar í ársreikningi miðað við gengi viðskiptadags en eru ekki færðar upp miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðils um áramót. Í árslok þarf að reikna upp erlendar viðskiptaskuldir miðað við árslokagengi viðkomandi mynta.

2 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi spítalans eins og kostur er.

Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Landspítala sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Í reikningsskilum spítalans eru matskenndir liðir fyrst og fremst viðskiptakröfur.

Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 1% af tekjum eða 939 milljónir króna. Mikilvægismörk eru sú fjárhæð skekkna sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesenda reikningsskilanna.

Mikilvægismörkin eru því einn af grunnþáttum endurskoðunarinnar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum sem finnast og máli skipta komið á framfæri við stjórnendur.

3 Innra eftirlit

Innra eftirlit byggir á þeim eftirlitsþáttum sem fyrirtæki og stofnanir starfrækja til að uppgötva, fyrirbyggja eða leiðrétta villur í skráningu, meðhöndlun eða birtingu upplýsinga. Mikilvægir eftirlitsþættir og önnur öryggisatriði sem styðja við réttar fjárhagsupplýsingar geta meðal annars verið hluti af fjárhags- og hugbúnaðarkerfum Landspítalans og stoðkerfum spítalans.

Stjórnendur Landspítala bera ábyrgð á innra eftirliti hans og þurfa því að hafa yfirsýn yfir fyrirkomulag innra eftirlits og þekkja tilgang þess. Stjórnendur skulu setja verklagsreglur um innra eftirlit og ganga reglulega úr skugga um að innra eftirlitið virki eins og til er ætlast.

Við endurskoðunina er tekið tillit til innra eftirlits í tengslum við ársreikning í þeim tilgangi að móta endurskoðunaraðferð í samræmi við aðstæður. Megináhersla er lögð á að finna og greina eftirlitsaðgerðir hjá spítalanum þar sem brugðist er við verulegum áhættum er varða fjárhagsupplýsingar sem birtast í ársreikningi.

Séu þeir virkir, geta tveir mikilvægir eftirlitsþættir, sem almennt eiga við um flestar stofnanir, dregið verulega úr möguleikum óheiðarlegra starfsmanna til fjárdráttar, svika eða annarra ólögmaetra athæfa. Annars vegar er það aðskilnaður bókhalds- og fjárreiðustarfs og hins vegar kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggi áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila.

Því betur sem hægt er að treysta á innra eftirlit spítalans, þeim mun skilvirkari verður endurskoðunin þar sem virkt innra eftirlit dregur úr umfangi þeirrar gagnaskoðunarvinnu sem gera þarf.

3.1 Innra eftirlitskerfi Landspítala

Við endurskoðun ársins voru valdir eftirlitsþættir prófaðir til staðfestingar á virkni þeirra:

| Til staðfestingar á aðskilnaði bókhalds- og fjárreiðustarfs | Virkni eftirlitsþátta í lykilferlum var staðfest með prófunum: | Verklag við almennar afstemmingar, greiningar og annað eftirlit var yfirfarið |
|---|---|---|
| <ul style="list-style-type: none">Starfs- og hlutverkalýsingar lykilstarfsmanna voru yfirfarnar með tilliti til verkaskiptingar.Aðgangur að banka-reikningum var yfirfarinnAðgangsheimildir í fjárhagskerfi voru skoðaðar | <ul style="list-style-type: none">Fylgni við reglur spítalans um samþykki kostnaðar-reikninga.Samþykki yfirvinnu- og annara auka greiðslna.Samþykki launakeyrslna fyrir greiðslu. | |

Landspítali er með eigin fjárvörslu og færir eigið bókhald í Orra – Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Spítalinn styðst við rafrænt samþykktarkerfi þar sem ábyrgðaraðilar þurfa að samþykka alla reikninga. Formlegir verkferlar útgefnir af Landspítala er lúta að bókhaldi og meðferð fjármuna liggja ekki fyrir í öllum tilvikum og er mælst til þess að bætt verði úr því.

Fara þarf yfir verkferla allra bókhaldsliða þannig að þeir séu formlega skráðir og stuðli að virku innra eftirliti. Þá er einnig æskilegt að bókhaldsferlar séu samþykktir af stjórnendum spítalans.

3.2 Innri endurskoðendur

Þrátt fyrir það eftirlitsumhverfi sem til staðar er óásættanlegt að enginn innri endurskoðandi skuli vera hjá Landspítala. Brýn þörf er á að innri endurskoðandi sé til staðar hjá Landspítalanum. Gerð var athugasemd við þetta fyrirkomulag í endurskoðunarskýrslum vegna síðustu rekstrarára og er því athugasemd fyrri ára ítrekuð.

Landspítalinn er langstærsta stofnun landsins. Á árinu 2021 voru 5.911 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli. Fjöldi verkferla eru hjá spítalanum.

Ríkisendurskoðun ítrekar það við stjórnendur spítalans að þeir ráði innri endurskoðanda til starfa hjá spítalanum þar sem lög um opinber fjármál leggja áherslu á nauðsyn innri endurskoðunar.

4 Endurskoðun ársins

4.1 Niðurstaða endurskoðunarinnar

Endurskoðunin var gerð í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila.

4.2 Ársreikningur og framsetning hans

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) með þeim frávikum sem lýst er í skýringum með honum. Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu. Innleiðing á IPSAS fyrir A-hluta stofnanir er ekki að fullu lokið og er fjallað um frávik á reikningsskilaaðferðum í skýringu 2 „Innleiðingarætlun IPSAS“ og skýringu 17 „Eignaverk vegna fasteigna“.

4.3 Svíksemi

Samkvæmt endurskoðunarstöðlum ber Ríkisendurskoðun skylda til þess að kanna með sérstökum aðgerðum þá hættu sem spítalanum stafar af hugsanlegri svíksemi og rangfærslum í bókhaldi vegna slíkrar háttsemi. Farið var yfir þessi mál með deildarstjóra reikningsskila og fjárstýringar spítalans og framkvæmdastjóra fjármála. Hlutverk endurskoðandans hvað varðar svíksemi er að öðlast nægjanlega vissu um að reikningsskilin í heild séu án verulegra rangfærslna sem rekja má til svíksemi.

4.4 Rekstrartekjur

Meginmarkmið með endurskoðun tekna er að kanna heild, tilvist og lotun, þ.e. að allar tekjur sem tilheyra spítalanum skili sér og að þær séu færðar á rétt tímabil. Við endurskoðun ársins var verklag við tekjufærslur verkefna yfirfarið og kannað, breytingar milli ára og frávik greind og úrtak tekið úr reikningum við áramót.

Tekjur vegna rannsókna námu 2.098 milljónum króna á árinu 2021. Fjölmargar rannsóknir fara fram á hverju ári en þær enda ekki allar á þann veg að þeim sé lokið og niðurstaða fengin. Þegar rannsóknum er lokið fara niðurstöður inn í Vigrakerfi sem heldur utan um gjaldskrár og reiknireglur. Reikningsupplýsingar vegna rannsókna sem skráðar hafa verið í Vigrakerfið eru flestar fluttar vikulega úr Vigrakerfinu í Orra til reikningsgerðar. Undantekning frá þessu eru meinafræðirannsóknir sem eru fluttar mánaðarlega í Orra. Þar sem öllum rannsóknum lýkur ekki með niðurstöðum, fer ekki öll skráning inn í Vigrakerfið. Vegna þessa er öðru hvoru tekið úrtak hjá Landspítala til að kanna hvort rannsóknir sem er lokið, hafi verið færðar í Vigrakerfið.

Þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir um þennan veikleika við tekjuskráningu síðustu ár hefur ekki verið komið upp afstemmingarkerfi vegna rannsókna. Áfram er því gerð athugasemd við þetta verklag.

Formlegir verkferlar útgefnir af Landspítala vegna tekna liggja ekki fyrir í öllum tilvikum. Bæta þarf vinnuferla við eftirlit á tekjum, sem tryggi að allar tekjur skili sér, með því að annar aðili komi að eftirliti.

4.5 Laun og launatengd gjöld

Við endurskoðun ársins var verklag við færslu launa yfirfarið, gerður var samanburður milli ára, frávik greind og fengnar voru skýringar á þeim. Innra eftirlit var kannað og prófað með gagnaskoðun. Laun og launatengd gjöld námu 70% af rekstrarkostnaði ársins.

Formlegur verkferill útgefninn af Landspítala vegna launa er ekki til en gamalt form frá Ríkisendurskoðun hefur verið notað síðustu ár. Bæta þarf úr þessu enda laun og launatengd gjöld mjög stór hluti af útgjöldum spítalans.

Við ítrekum athugasemd frá fyrri árum vegna tímaskráningarkerfisins. Enn eru dæmi um að starfsmenn samþykki sína eigin tíma. Annar starfsmaður eða yfirmaður á að samþykkja tíma viðkomandi starfsmanna.

4.6 Annar rekstrarkostnaður

Í skoðun á öðrum rekstrarkostnaði felst að aflað er þekkingar á þeim verkferlum sem undir viðfangsefnið falla og því innra eftirliti sem er til staðar vegna þeirra, auk prófana á innra eftirliti og frekari gagnaskoðun.

Á fjármálasviði eru haldnir mánaðarlegir fundir þar sem farið er yfir bráðabirgðauppgjör fyrri mánaðar og gerður er samanburður á rekstraráætlunum og rauntölum.

Almennt er notuð sú regla að tveir aðilar koma að áritunum á reikninga, annar sem þekkir best efnislega þá vöru og/eða þjónustu sem um er að ræða og hinn sem veitir heimild til greiðslu.

4.7 Fastafjármunir

Farið var yfir að meðferð rekstrarfjármuna sé í samræmi við reikningsskilareglur og var úrtak tekið úr eignfærslum og réttmæti þeirra staðfest.

Á árinu 2021 voru keypt tæki og búnaður fyrir samtals 1.342,5 milljónir króna og afskriftir námu 1.344 milljónum króna. Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna var 6.871,8 milljónir króna í árslok.

Samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis eru fasteignir Landspítala undanskildar eignum hans en fyrirhugað er að hafa þær í sérstöku félagi. Á meðan ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun færir spítalinn nýframkvæmdir undir liðinn „Eignaverk vegna fasteigna“ meðal fastafjármuna sem námu 4.606 milljónum króna í lok árs 2021.

4.8 Birgðir

Landspítali rekur marga birgðalagera sem skiptast í tvo meginflokka. Annars vegar birgðalagera sem eru færðir í birgðabókhaldskerfi og hins vegar lagera sem er haldið utan um með handvirkum hætti.

Á báðum flokkum birgðalagera eru vörur á lager taldar tvisvar á ári og í framhaldinu eru þær leiðréttar og birgðabreyting færð. Vörurýrnun og skekkjur eru færðar tvisvar á ári sem birgðabreyting til lækkunar eða hækkunar á birgðum í framhaldi af talningum.

Birgðir námu 2.393 milljónum króna í árslok 2021 sem er hækkun um 60,3 milljón króna eða 3% frá fyrra ári. Farið var í birgðatalningu um miðjan desember sem gekk vel og svo aftur eftir áramótin en þá í gegnum Teams vegna stöðu Covid-19 í samfélaginu. Verðmæti birgða ásamt niðurfærslu og rýrnun voru yfirfarin.

Ríkisendurskoðun fór í birgðatalningar á Eimskipalager bæði um miðjan desember og svo aftur í gegnum Teams eftir áramótin. Um er að ræða vörur sem keyptar voru inn á árinu 2020 vegna Covid-19 og geymdar í vöruhúsi Eimskips. Lítið bættist við lagerinn á árinu 2021. Beðið var um yfirlit úr birgðakerfi Landspítalans og birgðakerfi Eimskips og var erfitt að stemma stöðuna af á milli kerfanna þrátt fyrir mikla skoðun bæði frá starfsmönnum Landspítala og Eimskips. Hvorugur aðilinn stemmdi af stöðuna á milli kerfa.

Halda þarf betur utan um þann lager sem er geymdur hjá Eimskip þar sem erfitt er að stemma stöðuna af á milli birgðakerfis Landspítala og birgðakerfis Eimskips.

Erfiðlega gekk að fá endanlegan birgðalista frá Landspítala og loks fengust þau svör að það væri ekki til endanlegur birgðalisti miðað við 31. desember 2021.

Athugasemd er gerð við að ekki var hægt að fá endanlegan birgðalista sem stemmdi við ársreikning 2021.

4.9 Innkaup

Landspítali starfrækir innkaupadeild sem sér um innkaup á vörum og þjónustu. Deildin notar sérstakt innkaupakerfi og sér um útboð, samningagerð og önnur verkefni sem koma að innkaupum. Samningar sem gerðir hafa verið við birgja eru settir í innkaupakerfi spítalans. Kannanir hafa leitt í ljós að ekki var alltaf unnið í innkaupakerfi spítalans og eftir þeim verkferlum sem þar eiga við, heldur voru lækningavörur, tæki, vörur og þjónusta pöntuð fram hjá því. Breyting varð á vinnslu innkaupadeildar á árinu 2021 og því lítið sem hefur farið framhjá kerfinu eftir það. Hjá innkaupadeildinni hefur verið átaksverkefni að koma fleiri vörum inn í kerfið í stað þess að fólk panti með símtali eða tölvupósti. Sérstök áhersla hefur verið lögð á rannsóknardeildir spítalans. Á síðustu þremur árum er búið að stofna rúmlega 2.500 vörunúmer í kerfinu sem rannsóknardeildir panta núna í gegnum Orra. Á árinu 2021 var einnig farið í það verkefni að koma tækjakaupum spítalans inn í pöntunarkerfi Orra svokallað „Non Catalog“. Þetta verkefni gengur ágætlega.

Komin er í gagnið svonefnd samkeppnisréttaráætlun. Farið hefur verið í fundarherferð um spítalann með því starfsfólki sem kemur að innkaupum til að reyna að tryggja að heilbrigð samkeppni sé á bak við innkaup í samræmi við samkeppnisréttaráætlunina. Landspítalinn fer eftir reglum ríkisins um útboð.

4.10 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur Landspítala námu samtals 1.646 milljónum króna í árslok 2021 samanborið við 1.175 milljónum króna í ársbyrjun 2021. Hækkun viðskiptakrafna milli ára nam því um 40%.

Á stöðulista viðskiptamanna eru tilgreindar svokallaðar „Óskilgreindar greiðslur“ með neikvæða stöðu upp á rúmlega 6,0 milljónir króna. Um er að ræða samtölu margra greiðslna sem ekki hefur tekist að para við tiltekna reikninga. Langflestar þessara greiðslna tengjast ósjúkratryggðum viðskiptamönnum, jafnvel erlendis frá, með óskýrum texta um fyrir hvað er verið að greiða. Þessar greiðslur eru afskrifaðar eftir fjögur ár ef ekki tekst að finna greiðandann. Elsta greiðslan á þessum lið er frá árinu 2016.

Viðskiptakröfur með kreditstöðu í árslok eru ekki endurflokkaðar meðal viðskiptaskulda í ársreikningnum.

Viðskiptakröfur eru ekki stemmdar af með reglubundnum hætti í árslok.

Farið var yfir mat á niðurfærsluþörf viðskiptakrafna í árslok. Niðurfærslureikningurinn stóð í 197 milljónum króna í ársbyrjun. Metin niðurfærsluþörf útstandandi krafna í árslok var samtals 205 milljónir króna. Endanlega tapaðar kröfur á árinu 2021 voru 133 milljónir króna. Samkvæmt því voru 8 milljónir króna færðar til gjalda í árslok á niðurfærslureikninginn. Metin niðurfærsluþörf í árslok var yfirfarin án athugasemda.

4.11 Handbært fé og vörslufé

Mun fleiri bankareikninga á nafni spítalans er getið í staðfestingarbréfi frá fjármálafyrirtæki en koma fram í bókhaldi spítalans. Skýring sem gefin er á þessu er að spítalinn hafi tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala en í skýringu 22 í ársreikningi spítalans koma fram upplýsingar um fjölda sjóða og stöður bankareikninga sem tilheyra þessum sjóðum.

Þessa sérsjóði má í megindráttum flokka í tvennt. Annars vegar er um að ræða sjóði með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur, hins vegar rannsókn- og vísindaverkefni. Samkvæmt umræddu yfirliti fjármálafyrirtækis er um að ræða samtals 1.005 milljónir króna sem eru í vörslu spítalans en ekki í bókhaldi hans.

Bent er á að bankareikninga sem varða þjónustu og fjárhagslega umsjón með þeim sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum sem tengjast starfsemi spítalans beri að færa meðal eigna og skulda í efnahagsreikningi sem vörslufé og stemma þá af við reglubundin uppgjör hjá spítalanum.

4.12 Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Kröfur lánardrottna námu samtals 5.602 milljónum króna í árslok 2021 samanborið við 4.153 milljónir króna í ársbyrjun 2021. Hækkunin milli ára nemur um 34,9%.

Erlendar viðskiptaskuldir eru færðar í ársreikningi miðað við gengi viðskiptadags en eru ekki færðar upp miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðils um áramót. Erlendar viðskiptaskuldir eru því metnar 1,3 milljónum krónum lægri í ársreikningi en ef þær hefðu verið reiknaðar upp miðað við árslokagengi.

Í árslok þarf að reikna upp erlendar viðskiptaskuldir miðað við árslokagengi viðkomandi mynta.

Aðrar skammtímaskuldir spítalans, sem samanstanda af áætluðum launum og orlofsskuldbindingu, námu 8.743 milljónum króna í árslok 2021 samanborið við 8.528 milljón króna í ársbyrjun 2021.

Farið var yfir afstemmingar annarra skammtímaskulda og afstemmingar undirkerfa við bókhald.

Neikvæðar stöður starfsmanna í orlofsskuldbindingakerfinu komu í ljós við skoðun. Mælt er til þess að farið verði yfir neikvæðu stöðurnar og þar lagaðar eins og hægt er.

4.13 Fjármögnun

Eigið fé spítalans var neikvætt um 2.191 milljónir króna og skuldir og skuldbindingar námu 27.876 milljónum króna í árslok 2021. Veltufjárhlutfall var 0,9 en skammtímaskuldir námu 15.771 milljónum króna í árslok 2021, þar af var orlofsskuldbinding að upphæð 7.538 milljónir króna. Langtímaskuldir námu 12.105 milljónum króna í árslok 2021 og þar af voru frestuð framlög 12.544 milljónum króna að frádregnum 1.420 milljónum króna næstu árs afborgun frestaðra framlaga. Frestuð framlög skiptist í frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna 1.733 milljónir króna, fyrirframinnheimt fjárfestingarframlag 5.842 milljónir króna, fjárfestingarframlag vegna eignaverka 4.446 milljónir króna og framlag vegna birgða og annara verkefna 523 milljónir króna.



Ríkisendurskoðun
Brítartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is